

LAGNING LJÓSLEIÐARASÆSTRENGS UM GRINDAVÍKURDJÚP OG SELVOGSGRUNN AÐ MÖLVÍK VIÐ GRINDAVÍK, GRINDAVÍKURBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning ljósleiðarasæstrengs um Grindavíkurdjúp og Selvogsgrunn að Mölvík við Grindavík, Grindavíkurbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar verði á gróður og jarðmyndanir í Mölvík. Fyrir liggur að framkvæmdin mun ekki hafa neikvæð áhrif á náttúruverndargildi svæðisins. Landtökustöðin verður reist á hrauni, þakið strjálum mosa, og síðasta spölinn að henni verður strengurinn grafinn í hraunið. Lagning ljósleiðarastrengsins um stuttan spöl í hrauninu og bygging landtökustöðvar við jaðar þess mun hafa varanleg neikvæð áhrif á hraunið. Skipulagsstofnun telur að áhrifin verði nokkuð neikvæð, þar sem þau munu ekki ná yfir umfangsmikið svæði. Frá grjótgarðinum í fjöru Mölvíkur verður strengurinn grafinn í jörð í gras- og mólendi að brunnhúsi og langleiðina að landtökustöð. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif á gras- og mólendi verði ekki umfangsmikil og þau verði hægt að gera afturkræf með vönduðum frágangi að framkvæmd lokinni. Skipulagsstofnun telur að lagning vegar að landtökustöð á jaðri hraunsins og slóða að brunnhúsi og grjótgarði muni eyða strjálum mosa sem undir vegfyllingar fara, en hann muni endurheimtast þegar bráðabirgðaslóð verður fjarlægð að framkvæmd lokinni. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif á hraunmosa verði ekki umfangsmikil og þau verði að hluta afturkræf að framkvæmd lokinni.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdir innan netlaga og á landi eru háðar framkvæmdaleyfi sveitastjórnar Grindavíkurbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. febrúar 2012.

INNGANGUR

Þann 31. október 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Eflu verkfræðistofu, f.h. Emerald Atlantis ehf., um fyrirhugaða lagningu ljósleiðarasæstrengs um Grindavíkurdjúp og Selvogsgrunn að Mölvík við Grindavík, Grindavíkurbæ, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grindavíkurbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Mannvirkjastofnunar, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Grindavíkurbæ með tölvupósti dags. 22. desember 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 14. nóvember 2011, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 11. nóvember 2011, Orkustofnun með bréfi dags. 7. nóvember 2011, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 17. nóvember 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. nóvember 2011. Umsögn barst ekki frá Mannvirkjastofnun. Frekari upplýsingar bárust frá Emerald Atlantis með tölvupósti dags. 20. desember 2011.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur í greinagerð með tilkynningu að Emerald Atlantis ehf. hyggist leggja ljósleiðarasæstreng yfir Atlantshafið milli Norður-Ameríku og Evrópu. Á þeirri leið verði tengivirki á strengnum suðvestan við Rockallsvæðið, hafsvæði vestan Írlands, þaðan sem lagður verði ljósleiðarasæstrengur til Íslands, um Grindavíkurdjúp og Selvogsgrunn austan við Eldeyjarbanka, með landtöku í Mölvík, vestan við Grindavík. Á lengstum kafla leiðarinnar verði strengurinn lagður með kapalskipi en næst landi munu kafarar grafa strenginn niður í botninn. Fram kemur að röri verði komið fyrir í grjótgarð í fjörunni í Mölvík og strengurinn dreginn þar í gegn og þaðan verði hann grafinn niður á u.þ.b. 1 m dýpi um 100 m langa leið að brunnhúsi og síðan að landtökustöð í um 200 m frá sjó, þar sem endabúnaður sæstrengsins verði staðsettur. Byggður verði um 100 m langur vegur frá Nesvegi að fyrirhugaðri landtökustöð og bráðabirgðaslóð lögð milli landtökustöðvarinnar og brunnhúss og þaðan að grjótgarð í fjörunni. Að framkvæmd lokinni verði slóðanum eytt. Loks kemur fram að siglingamerki verði sett upp sem vari sjófarendur við streng.

Fram kemur að ljósleiðarasæstrengurinn verði lagður á hafsbötn þar sem dýpi er meira en 1500 m, en þar sem dýpi er 15 - 1500 m verði strengurinn plægður í botninn með kapalskipi en kafarar grafi hann niður í botninn síðasta spölinn til lands (grynnra en 15 m). Á malar-, sand- eða leirbotni verði botninn slæddur og hann hreinsaður af „brotum og rusli” og strengurinn síðan plægður ofan í botninn. Áður en kapalskip leggi út strenginn verði botn slæddur á um 1 m breiðu svæði og hann hreinsaður af „brotum og rusli”. Ef þvera þurfi fyrirleggjandi kapla eða aðrar lagnir verði plögnum lyft og strengurinn lagður á botninn á kafla, en síðar verði hann grafinn með vatnsbyssu. Á hraunasvæðum eða þar sem sjávarbotn sé mjög harður verði strengurinn lagður ofan á botninn. Einnig á djúpsævi, þar sem lítil hætta sé á að strengurinn skemmist. Næst landi (þar sem dýpi verður < 15 m) muni kafarar grafa strenginn niður í hafsbötninn.

Fram kemur að efnispörf til framkvæmdarinnar verði vegna lagningar vegar frá Nesvegi að fyrirhugaðri landtökustöð, fyllingarpúða undir landtökustöð og bílaplans þar við. Efni verði sótt á samþykkt efnistökusvæði í nágrenninu.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að bjóða upp á betri nettengingu milli Norður-Ameríku, Íslands og Evrópu, auka afköst netflutninga og skapa möguleika til að starfrækja gagnaver á Íslandi. Auk þess muni strengurinn margfalda sambönd um sæstrengi til annarra landa og auka öryggi Íslands í samskiptum við umheiminn.

Áhrif á landnotkun. Fram kemur að á grunnsævi, þar sem fyrirhugað sé að leggja ljósleiðarasæstrenginn, verði hann grafinn niður í hafsbotninn m.a. til að valda sem minnstri röskun á annarri starfsemi s.s. siglingum og fiskveiðum. Val á lagningarleið hafi verið unnin í samstarfi við Landsamband íslenskra útvegsmanna og hún sé talin lágmarka tjón á fiskimiðum sem strengurinn eigi leið um.

Áhrif á lífríki hafsbotns og jarðmyndanir í sjó. Fram kemur að þekkt sé að sink í stálkápu strengjanna leysist upp í litlu magni í sjó en engin hættu sé á að lífríki sjávar beri skaða af því. Lífverur setjist fljótt á sæstrengi og oft sé meira lífríki í kringum strengi en annars staðar í námunda við þá, sérstaklega þar sem farið sé um sléttan sandbotn. Neikvæð umhverfisáhrif sinka frá sæstrengjum séu því lítil sem engin.

Fram kemur að á þeirri leið sem ljósleiðarasæstrengurinn mun liggja um landgrunn Íslands sé hafsbotninn að mestu leyti sléttur sandur og botninn hentugur til að leggja þar sæstreng. Ekki sé vitað til þess að kaldsjávarkóralar séu á fyrirhugaðri leið sæstrengsins um Grindavíkurdjúp. Plógurinn verði 5 m breiður og hann muni leggja ljósleiðarasæstrenginn í tæplega metra breiðan skurð í botninum. Næst landi muni kafarar grafa strenginn u.þ.b. 1,5 m niður í hafsbotninn. Á hraunasvæðum eða þar sem hafsbotn sé mjög harður verði strengurinn lagður ofan á botninn.

Fram kemur að framkvæmdir við niðurstetningu strengsins muni hafa nánast engin áhrif á jarðmyndanir í sjó og að stuttum tíma liðnum verði erfitt að greina legu strengjanna. Set sem rötist upp við plægingu muni setjast aftur til botns að stuttum tíma liðnum og fiskar muni þá snúa aftur á framkvæmdasvæðið. Botnlífverur muni setjast aftur að í kapalslóðinni að nokkrum mánuðum liðnum. Framkvæmdin muni því lítið trufla lífríki á hafsbotni. Mögulegt verði að hliðra strengnum um nokkra metra ef botnrannsóknir fyrir lagningu strengsins leiði í ljós að kórall sé á hafsbotni.

Áhrif á jarðmyndanir á landi. Fram kemur að á landi verði strengurinn grafinn í skurð og grafið verði fyrir tengibrunni. Gengið verði frá jarðvegsyfirborði þannig að það verði jafngott og var fyrir framkvæmd. Gera megi ráð fyrir að ummerki eftir plægingu strengsins í fjörunni hverfi fljótt vegna ágangs sjávar. Skarð í grjótgarð ofan fjörunnar verði fyllt eftir að röri fyrir sæstrenginn hafi verið komið fyrir neðst í garðinum. Við frágang hans verði leitast við að garðurinn haldi styrk sínum og upprunalegri mynd.

Áhrif á gróður. Fram kemur að landtökustaðurinn verði í malar- og grjót fjöru sem sé lítið sem ekkert gróin. Engin áhrif verði á gróður í fjörunni eða grjótgarðinum. Efni úr grjótgarðinum verði geymt á fremur blautu gras- og mólendi meðan skarð er gert í grjótgarðinn og það verði gert á þeim tíma árs sem gróður sé að mestu í dvala. Því megi gera ráð fyrir að gróður á geymslusvæðinu verði fljótur að jafna sig aftur og áhrifin verði því tímabundin. Frá grjótgarðinum að brunnhúsi og landtökuhúsi verði strengurinn grafinn niður í gras- og mólendi en áhrif plægingarinnar á gróður verði þó lítil. Þar sem byggja eigi aðkomuveg að landtökustöð sé land lítið gróið og einnig þar sem leggja eigi bráðabirgðaslóða eftir klapparholti niður að grjótgarðinum. Fram kemur að áhrif framkvæmdarinnar á gróður verði lítil.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að engar fornminjar séu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ef fornleifar finnast á framkvæmdartíma muni fundurinn verða tilkynntur og samráð haft við Fornleifavernd ríkisins um aðgerðir.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin verði að mestu utan netlaga (115 metra á haf út fyrir stórstraumsfjöru), sem séu mörk skipulagsvalds sveitarfélaga. Unnið sé að endurskoðun aðalskipulags Grindavíkurbæjar 2000 – 2020 og gerð deiluskipulags framkvæmdasvæðisins í Mölvík. Það sé innan svæðis á náttúruminjaskrá (Reykjanes, Eldvörp

og Hafnaberg), sem verndað sé vegna stórbrotinnar jarðfræði m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjarbunga og Sandfellshæð ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Á svæðinu sé einnig allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður og sérstæð volg sjávartjörn. Fyrirhuguð framkvæmd í Mölvík muni ekki hafa áhrif á þessa þætti.

Fram kemur að bein neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði fyrst og fremst vegna tímabundins rasks á meðan á lagningu ljósleiðarasæstrengsins stendur.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Grindavíkurbær, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Orkustofnun, Siglingastofnun Íslands og Umhverfisstofnun telja að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknastofnunin bendir á að vitað sé um kóral vestan og austan við svæðið sem strengurinn verði lagður á. Fer stofnunin fram á að ef vart verði við kóral eða aðrar viðkvæmar, eða óvenjulegar lífverur eða fyrirbæri meðan á botnrannsóknnum eða lagningu strengsins standi fái Hafrannsóknastofnunin upplýsingar um þá staði og að haft verði samráð við stofnunina um hvernig hægt verði að lágmarka rask á slíkum svæðum.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúruverndargildi svæðisins. Stofnunin telur að draga meg frekar úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar með því að færa landtökusvæði inn á nærliggjandi athafnasvæði sem þegar hafi verið raskað.

Í svari Emerald Atlantis kemur fram að land sé lágt þar sem nærliggjandi svæði hafi verið raskað og þar sé hugsanleg hætta á sjávarflóði. Því hafi landtökustöðinni verið valin staður á hæsta hluta svæðisins, sunnan vegar, til þess að minnka líkur á því að ágangur sjávar hafi áhrif á stöðina.

Siglingastofnun Íslands bendir á að ekki komi fram á hvaða dýpi þau svæði séu þar sem leggja eigi ljósleiðarasæstrenginn ofan á hafsbottinn. Suðurströnd Íslands sé mjög útsett fyrir öldu og brjótandi öldur nái út á meira en 20 m dýpi og óvarlegt sé að leggja óvarinn sæstreng á botninn þar sem svo hátti til. Leggur Siglingastofnun til að Emerald Atlantis ehf. leggi fram upplýsingar um botngerð frá fjöru og út á um 50 m dýpi og geri grein fyrir raunhæfum tillögum um hvernig gengið verði frá strengnum á því svæði. Jafnframt bendir Siglingastofnun á að grjótgarður í Mölvík sé náttúrulegur sjávarkambur úr sæbörðu grjóti sem sjór hafi borið þangað og tekur stofnunin undir að leggja eigi mikla áherslu á að garðinum verði komið í upprunalegt horf, svo hann haldi styrk sínum og skeri sig ekki úr umhverfinu.

Í svari Emerald Atlantis kemur fram að samkvæmt botnrannsóknnum sé laus botn á þeirri leið sem strengurinn fari um landgrunnið og hægt verði að grafa hann í botninn allt upp í fjöru. Því muni strengurinn ekki liggja óvarinn á hafsbotni og brjótandi alda muni því ekki hafa áhrif á strenginn.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu ljósleiðarasæstrengs frá tengivirki á hafsbotni suðvestan við Rockallsvæðið, hafsvæði vestan Írlands, um Grindavíkurdjúp og Selvogsgrunn til Íslands, með landtöku í Mölvík, vestan við Grindavík. Á lengstum kafla leiðarinnar verður strengurinn lagður með kapalskipi en næst landi munu kafarar grafa strenginn niður í botninn. Í grjótgarði í fjörunni í Mölvík verður komið fyrir röri og strengurinn dreginn þar í gegn og þaðan verður hann grafinn í jörð um 100 m langa leið að brunnhúsi og síðan að landtökustöð í um 200 m frá sjó, þar sem endabúnaður sæstrengsins verður staðsettur. Byggður verður um 100 m langur vegur frá Nesvegi að fyrirhugaðri landtökustöð og bráðabirgðaslóð lögð milli

landtökustöðvarinnar og að brunnhúsi og þaðan að grjótgarð í fjörunni. Loks verður siglingamerki sett upp við landtökuna sem varar sjófarendur við strengnum.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar verði á gróður og jarðmyndanir í Mölvík. Fyrir liggur að framkvæmdin mun ekki hafa neikvæð áhrif á náttúruverndargildi svæðisins. Landtökustöðin verður reist á hrauni, þakið strjálum mosa, og síðasta spölinn að henni verður strengurinn grafinn í hraunið. Lagning ljósleiðarasstrengsins um stuttan spöl í hrauninu og bygging landtökustöðvar við jaðar þess mun hafa varanleg neikvæð áhrif á hraunið. Skipulagsstofnun telur að áhrifin verði nokkuð neikvæð, þar sem þau munu ekki ná yfir umfangsmikið svæði. Frá grjótgarðinum í fjöru Mölvíkur verður strengurinn grafinn í jörð í gras- og mólendi að brunnhúsi og langleiðina að landtökustöð. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif á gras- og mólendi verði ekki umfangsmikil og með vönduðum frágangi að framkvæmd lokinni séu þau afturkræf. Skipulagsstofnun telur að lagning vegar að landtökustöð á jaðri hraunsins og slóða að brunnhúsi og grjótgarði muni eyða strjálum mosa sem undir vegfyllingar fara, en hann muni endurheimtast þegar bráðabirgðaslóð verður fjarlægð að framkvæmd lokinni. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif á hraunmosa verði ekki umfangsmikil og þau verði að hluta afturkræf að framkvæmd lokinni.

Fyrir liggur að Emerald Atlantis ehf. hafði samráð við Landsamband íslenskra útvegsmanna um val á leið ljósleiðarasstrengsins um landgrunnið til að lágmarka áhrif framkvæmdarinnar á veiðar þar sem sæstrengurinn mun liggja. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á veiðar verði nokkur en muni ekki ná til umfangsmikilla veiðisvæða.

Skipulagsstofnun bendir á að togveiðar hafa lengi verið stundaðar á landgrunni Íslands þar sem sæstrengurinn verður plægður í hafsbotn eða lagður á botninn. Með hliðsjón af því að rask af völdum togveiða hefur verið viðvarandi á landgrunni Íslands, þar sem ætlunin er að leggja ljósleiðarasstrenginn, telur Skipulagsstofnun að neikvæð áhrif á botndýralíf þar verði óveruleg og áhrifin tímabundin. Skipulagsstofnun telur einnig að lagning strengsins á hafsbotn neðan við 1500 m dýpi muni hafa óveruleg áhrif á botndýralíf á þeirri leið. Kaldsjávarkórall er sérstaklega viðkvæmur fyrir raski og hafa íslensk stjórnvöld bannað allar veiðar á þeim kóralasvæðum sem hafa hingað til verði rannsökuð við landið. Í ljósi þess að stjórnvöld hafa gripið til strangrar verndunar á slíkum svæðum við landið telur Skipulagsstofnun mikilvægt að Emerald Atlantis gæti fyllstu varúðar við botnrannsóknir og lagningu sæstrengsins við landgrunnsbrún í Grindavíkurdjúpi, þar sem hugsanlegt er að kórall lifi og samráð verði haft við Hafrannsóknastofnunina á þeim nótum sem stofnunin óskar í umsögn sinni.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Eflu hf., fyrir hönd Emerald Atlantis ehf., við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Emerald Atlantis vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning ljósleiðarasstrengs um Grindavíkurdjúp og Selvogsgrunn að Mölvík við Grindavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdir innan netlaga og á landi eru háðar framkvæmdaleyfi sveitastjórnar Grindavíkurbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.


Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2000-2020 og deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu í Mölvík.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. febrúar 2012.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson



Skipulags
stofnun